

367. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 2. febrúar 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Jón Bjarki Jónatansson
Michael Gluszuk
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:


- 1) **Heimir Berg, markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar, mætir á fundinn og fer yfir það sem er helst á döfinni.**
Heimir mætti á fundinn og var boðinn velkominn. Fór hann yfir það helsta sem hefur verið á döfinni hjá honum undanfarið.
- 2) **Fundargerð 210. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 6. desember 2022.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerð 449. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 20. janúar 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Fundargerð 917. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. janúar 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. janúar 2023, varðandi boðun landsþings.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Þakkarbréf frá skíðadeild UMFG vegna styrks á árinu 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. janúar 2023, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Þuríðar Maggýjar Magnúsdóttur um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, H-frístundahús, að Nónhóli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Þuríðar Maggýjar Magnúsdóttur um leyfi til að reka gististað í flokki II, H-frístundahús, að Nónhóli á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 8) **Bréf frá skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, dags. 25. janúar 2023, varðandi viðhaldsmál Grunnskólans.**
Bæjarstjórn þakkar bréfið og ábendingarnar. Bæjarstjórn hefur verið með öll þessi viðhaldsmál í farvegi frá því snemma á árinu 2022, en vandamálið hingað til hefur verið það að erfitt hefur reynst að fá iðnaðarmenn. Vonir standa hins vegar til að það vandamál leysist núna á vormánuðum.
- 9) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri fór yfir húsnæðismál fyrir rafíþróttir fyrir UMF Víking/Reyni.
 - b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit ársins 2022.
 - c) Bæjarstjóri fór yfir rekstur stofnana á árinu 2022.
 - d) Bæjarstjóri fór yfir götuljósinn í Snæfellsbæ. Margir staurar hafa dottið út undanfarið, en farið verður í að laga það um leið og veður leyfir.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like "FS", "BAAH", "MG", "MSS", "AK", and "2023".

- e) Tillaga kom um að hluti af vinnuskóla Snæfellsbæjar verði sjávarútvegsskóli unga fólksins og var samþykkt að fela íþróttá- og æskulýðsfulltrúa að kanna þetta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:22



Björn H Hilmarsson



Jónína Björg Óttarsdóttir



Michael Gluszuk



Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Jón Bjarki Jónatansson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari